

# FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

583. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 26. janúar 2009 kl.

10:00 í fundarsal Ráðhúss.

## Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa Heilbrigðisstofnunarinnar Hvammstanga.
2. Erindi Sýslumannsins á Blönduósi.
3. Bréf Bændasamtaka Íslands.
4. Ársskýrsla Íþrótt- og tómstundafulltrúa.
5. Umsóknir um úthlutun leiguíbúðar að Garðavegi 18 e.h.
6. Tillaga Félagsmálaráðs um úthlutun íbúða í Nestúni 2-6 á Hvammstanga.
7. Fundargerð stjórnar SSVN frá 14. janúar sl.

## Afgreiðslur:

1. Guðmundur Haukur Sigurðsson framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Hvammstanga er mættur til viðræðna við byggðarráð vegna framkominna áforma um sameiningu heilbrigðisstofnana.

Vegna áforma um sameiningu heilbrigðisstofnana samþykkir byggðarráð Húnaþings vestra eftirfarandi ályktun:

„Byggðarráð mótmælir harðlega áformum um skerðingu á þjónustu heilbrigðisstofnunarinnar Hvammstanga þ.m.t. skertu sjálfstæði stofnunarinnar og skorti á nauðsynlegu samráði. Byggðarráð Húnaþings vestra gerir þá kröfu að komi til sameiningar heilbrigðisstofnana verði hún vel undirbúin og að allar ákvarðanir verði sérlega vel ígrundaðar en ekki teknar í fljótræði þar sem um grunnþjónustu samfélagsins er að ræða. Lögð er áhersla á að framkvæmd sameiningarinnar verði á jafnréttisgrunni milli einstakra stofnana en ekki að um sé að ræða innlimun undir Heilbrigðisstofnun Akraness. Byggðarráð Húnaþings vestra leggur áherslu á að ef áform um sameiningu heilbrigðisstofnana komi til framkvæmda sé tryggt að í skipuriti þeirrar nýju stofnunar komi fram að fagleg og stjórnunarleg ábyrgð sé áfram í heimahéraði og að sérstakur rekstrarstjóri sé þar starfandi. Byggðarráð Húnaþings vestra leggur ríka áherslu á að þjónusta sem veitt hefur verið við Heilbrigðisstofnunina Hvammstanga verði á engan hátt skert og að íbúar læknishéraðsins njóti áfram þjónustu þess frábæra fagfólks sem þar starfar.“

2. Fram lögð erindi Sýslumannsins á Blönduósi en þar er óskað umsagna um umsóknir um útgáfu rekstrarleyfa, umsókn um endurnýjun leyfis frá Arinbirni Jóhannssyni f.h. Brekkulæks ehf. og umsókn um nýtt leyfi frá Guðmundi Steinssyni f.h. Ás-húsgagna ehf. v/ Víðigerðis. Byggðarráð gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfanna.

3. Bréf Bændasamtaka Íslands lagt fram til kynningar en þar er fjallað um bótarétt vegna framkvæmda í almannapágu og framkvæmd eignarnáms. Fulltrúum sveitarfélaga er boðið að sitja kynningarfund um það efni þann 9. febrúar nk. Samþykkt að senda bréfið til kynningar skipulags- og umhverfisráðs.

HTB  
H.A.

Blm  
S

4. Fram lögð Ársskýrsla íþróttá- og tómstundafulltrúa fyrir árið 2008.
5. Fram lagðar umsóknir um úthlutun leiguíbúðar að Garðavegi 18 e.h. Byggðarráð samþykkir að úthluta Selasetri Íslands ehf. íbúðina til eins árs.
6. Tillaga félagsmálaráðs um úthlutun íbúða í Nestúni 2-6 á Hvammstanga lögð fram. Samþykkt að vísa tillögunni til afgreiðslu sveitarstjórnar.
7. Fram lögð til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 14. janúar sl.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

*Bláa R. Hinnald*  
*Andri Hjálmarsson*  
*Hinnir Ágústsson*

Fundi slitið kl. 12:05

*Stjórnarráð*

Aðeyrnarfulltrúi:

*Ólafur Sigurðsson*